

Colas hf.
Harpa Þrastardóttir
Gulhelli 1
221Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. september 2021
UST202103-174/gf
08.08.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2021 – færanleg malbikunarstöð Colas Ísland hf.
Amman 1 - Reyðarfirði**

Þann 8.7.2021 fór fram eftirlit í færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann 1 í Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar og snúa þær að uppfæra gögn yfir olíu- og bikgeyma sem fylgja stöðinni og senda afrit af listanum til Umhverfisstofnunar. Að uppfæra þær áætlanir sem eiga að liggja fyrir í stöðinni.

Tvö frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Krafa er um að ársyfirlit sé sent Umhverfisstofnun. Ársyfirlit vegna ársins 2020 hefur ekki borist.
2. Gr. 4.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni. Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2020 hafa ekki borist.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8.10.2021.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur